

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Vogum.

Hrafnaborg 1.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti 28. ágúst 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Grænubýggðarhverfi. Í breytingunni felst að byggingarreitur á lóðinni Hrafnaborg 1 færist til um 2 metra til norðausturs. Málið hefur hlotið meðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hrafnaborg 2-8.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti 28. ágúst 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Grænubýggðarhverfi. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit á lóðunum Hrafnaborg 2, 4, 6 og 8. Málið hefur hlotið meðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Kirkjuholt.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti 27. nóvember 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Kirkjuholtshverfi. Í breytingunni felst breyting á byggingarmagni innan skilgreinds byggingarreits á lóðinni við Kirkjugerði 2-4, úr 320 m² í 353 m². Málið hefur hlotið meðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Sjávarborg 14-16.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti 27. nóvember 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Grænuborgarhverfi. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit fyrir lóðirnar Sjávarborg 14 og 16. Skilmálar eru að öðru leyti óbreyttir. Málið hefur hlotið meðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Sveitarfélaginu Vogum, 14. janúar 2025.

Davíð Viðarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 28. janúar 2025